

Samhjálp

Samhjálp

**Gefðu þakklæti
í jólagjöf**

**Hvaða áhrif hefur
umhverfi á andlega
líðan?**

Valgerður Gréta skipuleggur
eldamennskuna og innkaupin
**„Ég geri matseðla og
bregð ekki út af þeirri
venju þegar kemur að
jólum“**

**Jólin í fangelsi, jólin í
meðferð**

Daníel Rafn upplifði kraftaverk

**„Ég gekk inn í fangelsið
frjáls maður“**

Jólahugvekja Helga Guðnasonar
**„Það var enginn tilbúinn
og uppabúinn þegar fyrstu
jólin skullu á.“**

Guðrún Margrét Einarsdóttir hélt
að hún væri komin til himna
**Sá fullt af verum í hvítum
kyrtlum með ljós á höfði**

Jólin á Kaffistofunni
**Rósý vildi geta boðið
stærri, hlýrra og betra
húsnæði**



39. árgangur – 3. tölublað 2022

Útgefandi: Samhjálp

Ritstjórn: Steingerður Steinarsdóttir

Ljósmyndir: Þórkatla Sif Albertsdóttir,

Heiða Helgadóttir og fleiri

Auglýsingaöflun: Samhjálp

Útgáfustjóri: Anna María McCrann

Ábyrgðarmaður: Edda Jónsdóttir

Hönnun og umbrot: Samskipti

Prentun: Samskipti



Efnisyfirlit

VIÐTÖL

- 6 Jólaminningar Sigurðar Smára Fossdal og Helgu Rósar Reynisdóttur.**
- 8 Valgerður Gréta Guðmundsdóttir Gröndal leitast við að sporna gegn matarsóun.**
- 14 Rósý Sigþórsdóttir skapar hátíðleika á Kaffistofunni um jólin.**
- 16 Daníel Rafn Guðmundsson gekk frjáls maður inn í fangelsi.**
- 26 Svava Ásgeirsdóttir skapar jólastemningu á skrifstofunni og heima.**
- 29 Svala Jónsdóttir er meðvituð um áhrif umhverfis á fólk.**
- 32 Guðrún Margrét Einarsdóttir hélt að hún væri dáin og komin til himna.**

GREINAR

- 4 Jólhugvekja Helga Guðnasonar**
- 12 Hin kærleiksrika Guðmunda Guðrún Sigurðardóttir**
- 24 Hvernig væri að gefa þakklæti?**
- 28 Áhrif umhverfis á andlega líðan**
- 34 Housing First-hugmyndafræðin virkar vel**

Forsíðumynd og myndvinnsla: Heiða Helgadóttir

Starfsemi Samhjalpar

Markmið Samhjalpar er að veita einstaklingum bjargir sem halloka hafa farið í lífinu og glíma við fíkn, sjúkdóma, fátækt eða aðrar áskoranir. Starfsemi Samhjalpar byggir á náungakærleika og þeirri trú að allir eigi von um betra líf.

Skrifstofa Samhjalpar

Skútuvogi 1g, 104 Reykjavík
Framkvæmdastjóri: Edda Jónsdóttir
Sími: 561 1000
Netfang: samhjalp@samhjalp.is
Opíð kl. 10-15 virka daga

Kaffistofa Samhjalpar

Borgartúni 1a, 105 Reykjavík
Verkefnastjóri: Rósý Sigþórsdóttir
Sími: 854 8307
Netfang: kaffistofa@samhjalp.is
Opíð kl. 10-14 alla daga ársins

Meðferðarheimilið Hlaðgerðarkot

Forstöðumaður: Elínrós Líndal
Sími: 566 6148 (símsvari)
Netfang: hlaðgerdarkot@samhjalp.is

Eftirmeðferðar- og áfangaheimilið

Brú (búsetuúrræði í kjölfar meðferðar í Hlaðgerðarkoti)
Höfðabakka 1, 110 Reykjavík
Umsjónarmenn: Andri Már Ágústsson og Þórdís Jóna Jakobsdóttir
Netfang: bru@samhjalp.is

Áfanga- og stuðningsheimilið M18

Miklabraut 18, 105 Reykjavík
Umsjónarmaður: Tryggvi K. Magnússon
Sími: 561 1000
Netfang: studningsheimili@samhjalp.is

Áfanga- og stuðningsheimilið D27

Dalbrekku 27, 200 Kópavogi
Umsjónarmaður: Tryggvi Magnússon
Sími: 561 1000
Netfang: studningsheimili@samhjalp.is

Markaður Samhjalpar

Ármúla 11, 108 Reykjavík
Verkefnastjóri: Helga Pálsdóttir
Sími: 842 2030
Netfang: markadur@samhjalp.is
Opíð virka daga kl. 11-17

Sælla er að gefa en þiggja


Nýlega spurði ég nokkra stjórnendur hjá Samhjálp hvað hvetti þau helst áfram í starfi. Það stóð ekki á svörunum og þau voru öll í sama dúr: „Það er fólkið okkar og þau forréttindi að fá að liðsinna því,“ sagði ein. „Það eru okkar dásamlegu skjólstæðingar,“ sagði annar. Já, það má með sannni segja að við hjá Samhjálp elskum fólk, enda er náungakærleikur kjarninn í starfsemi okkar.

Í aðdraganda jólanna erum við þeirrar gæfu aðnjótandi að geta útteilt jólagjöfum til skjólstæðinga okkar. Það eru mikil forréttindi og við erum afar þakklát fyrir þann góðvilja og hjálpssemi sem fyrirtæki og einstaklingar auðsýna okkur í því verkefni.

Töluverður fjöldi sækir Kaffistofu Samhjalpar heim yfir hátíðarnar. Við þökkum þeim fyrirtækjum og einstaklingum sem gefa máltíðir sérstaklega fyrir gjafmildina. Stuðningur ykkar gerir okkur kleift að gefa hátíðarmáltíðir daglega yfir jól og áramót.

Um leið og við óskum lesendum Samhjalparblaðsins gleðilegra jóla þökkum við fyrir góða viðkynningu á árinu og stuðning ykkar allra við starfið okkar hjá Samhjálp. Megi jólahátíðin færa ykkur frið og gleði í hjarta.

Edda Jónsdóttir, framkvæmdastjóri Samhjalpar



Jólin þurfa engan filter



Íslendingum finnst gaman að hafa brjálað að gera. Jólin eru fyrir mörgum hápunktur ársins hvað það varðar að vera á fullu, hafa brjálað að gera og steypa sér í skuldir. Það mætti halda að þessi hátíð hafi verið fundin upp á Íslandi.

Að jólin séu hátíð sem geti snúist upp í samanburð, hátíð þar sem mikill munur er á þeim sem hafa mikið og þeim sem hafa lítið, hátíð þar sem fólk keyrir sig út, er birtingarmynd þess hvernig við látum allt snúast um okkur. Fagnaðarerindið snýst um það sem Guð hefur gert fyrir okkur, trúrækni er trúin sem snýst um það sem við gerum og að við gerum betur.

Það var enginn tilbúinn og uppabúinn þegar fyrstu jólin skullu á. Sögusvið jólanna er barnsfæðing, fyrsta barn unglingsstúlku sem er fjarri heimahögunum, fjarri öryggisnetinu og í kringumstæðum sem hún stjórnar ekki. Það að deyja við að fæða barn er enn leiðandi dánarorsök meðal kvenna í heiminum. Það voru engir læknar, engar deyfingar, ekki einu sinni rúm með hreinu laki. Hún er með

nýbókuðum eiginmanni sínum sem var áreiðanlega gagnslaus í þessum aðstæðum, enda karlmönnum vanalega haldið utan við fæðingar.

Þeir sem hafa verið á ferðalagi og lent í því að hótél var vitlaust bókað, eða önnur mistök gerð sem settu öll plön í uppnám, geta rétt ímyndað sér að þetta kvöld hafi kannski ekki byrjað vel. María þreytt, með bjúg, ábyggilega dofin eftir að hafa setið á asna allan daginn (en lyktin af sveittum asna er einmitt það sem óléttar konur þrá mest af öllu þegar þær eru komnar á steypirinn). Hana langar að komast á klósett, fá að borða, þvo sér og fara að sofa.

Eiginmenn geta ímyndað sér kvíðastinginn sem Jósef hefur fundið þegar hann áttaði sig á að þau myndu líklega ekki fá almennilegt herbergi.

María, sitjandi á asnanum, svöng, þreytt og mál að pissa, hefur örugglega gætt þess að Jósef fengi reglulegar stöðuuppfærslur um hversu vel þetta gengi. Það er ekki auðvelt að ferðast ein með tveimur ösnum. Þetta var kannski ekki besta stund Mariu, líklega farin að fá samdrætti, þegar Jósef tilkynnir að hún fái að gista á sama stað og asninn sem hún nú lyktaði af. Í stað þess að fá hlýtt rúm bauðst hey á hörðu gólfi, en nú var hana kannski farið að gruna að það yrði lítið sofið þessa nótt.

Fyrstu jólin voru ekkert lík þeim jólum sem við flest stefnum að. Ég ímynda mér að það hafi kannski verið spenna milli þeirra hjóna, sem þurfti að víkja til hliðar þegar María byrjaði að fæða. Þau hafa upplifað sig vanmáttug, upplifað sig ein og fjarri öryggi, en þrátt fyrir allt var mesta undur sem hefur orðið að eiga sér stað.

Engill hafði sagt við Mariu að

Við erum framsækin og fylgjumst með straumum og stefnum í okkar fagi. Þannig verðum við sterk og veitum fyrsta flokks þjónustu. Við tryggjum gæði í okkar vinnu og sýnum þor við að leita nýrrar nálgunar við verklag okkar. Sýnum samfélagslega ábyrgð og stuðlum að vistvænum lausnum.

...það er Lota

Sterk - Snörp - Skemmtileg - lota.is

LOTA



barnið skyldi kallast „Immanúel“ sem þýðir „Guð hjá okkur“. Í gegnum þetta litla og varnarlausa barn var Guð sjálfur að koma í heiminn.

Þegar Jesús var fæddur getum við gefið okkur að öll spennan milli þeirra hjóna hafi gufað upp, öll streitan við að finna gistingu, allur óttinn og kvíðinn umbreyttist í létti og gleði.

Það er ekkert við barnsfæðingu sem er settlegt og puntað. Hvað þá barnsfæðingu í fjárhúsi.

Gleðin á himnum var slík að Guð sendi engla sína til að boða þennan mikla fögnuð. Þeir fóru ekki í næstu höll sem þeir fundu – fóru ekki heim til næsta prests. Þeir birtust líklega eina fólkinu sem var vakandi, fjárhirðum fyrir utan bæinn. Ljósinn sem við tendrum um jólin, þessi hjarta vin sem hátíðin er í vetrarmyrkrinu, minna svolítið á það hvernig nóttin lýstist upp í kringum fjárhirðanna. Þeim algjörlega að óvörum var allt í einu kominn einhver englakór að segja þeim að sá sem væri allra von hefði fæðst í bænum. Jólin

snúast ekki um okkar undirbúning – þau minna

á Guð sem hefur ekki áhuga á einhverri frammistöðu eða yfirborði. Guð sem vill vera hjá okkur.

Mér finnst svo myndið að ímynda mér að þegar fjárhirðarnir flýttu sér í bæinn hafi þeir ekki skilið kindurnar eftir. Þeir hafi vaðið inn í bæinn með hrúgu af jarmandi sauðfé um miðja nótt, María sem kannski var farin að dotta og fá smá hvíld, hafi verið vakin með einmitt því sem hún þráði mest: fleiri dýrum.

Jólin koma ekki endilega þar sem allt er í lagi. Jólin eru ekki eitthvað sem við búum til. Jólin snúast um það sem Guð gerir, Guð kemur til okkar inn í okkar kaos og spennu, eins og barn sem fæðist umbreytir Guð ótta, kvíða og spennu í gleði, létti og frið.

Sama hvernig jólin lita út, sama hvernig þér líður eða hvernig þú munt halda jól, setur Guð það ekki fyrir sig að mæta í fjárhúsi, hann lætur ekki spennu milli fólks stoppa sig, hann bara mætir þar sem hann er velkominn. Hættum að reyna að halda jól, lærum að taka við þeim og búa í veruleika þeirra allt árið.

Helgi Guðnason



Þegar jólin koma

Hvað jólin eru hverju okkar og einu er auðvitað misjafnt. Minningar frá æskuárum geta verið góðar eða slæmar og á fullorðinsárum sköpum við okkar eigin jól og þá er undir okkur sjálfum komið hversu ánægjuleg þau eru. Stundum koma jólin þrátt fyrir að aðstæður séu erfiðar.



Hátíðlegur matsalur

Helga Rós Reynisdóttir er þúsundþjalasmiður skrifstofu Samhjálp. Ef einhver vandamál þarf að leysa er leitað til hennar og ekki bregst að lausn finnst fyrir en varir. Hún var beðin um að segja frá jólum sem hafa reynst henni minnisstæð.

„Árið 2018 var ég í meðferð í Hlaðgerðarkoti yfir jól og áramót. Mörgum kann að finnast það frekar ómurleg tilhugsun að vera í meðferð yfir jólin en mín upplifun var dásamleg. Byggingu nýrrar álmu var nýlökkið og í henni er ný borðsalurinn og eldhúsið. Við skreyttum saman sjónvarpssalinn og gangana,

hengdum seríur utan á þakkantana á húsinu og einhverjir tóku sig til og bökðu smákökur fyrir alla að smakka. Á aðfangadag gerði hún Kiddý okkar, sem var kokkur þá, matsalinn okkar svo hátíðlegan. Salurinn er stór og hátt til lofts og það var svo fallett að sjá hann með birtunni frá lituðum led-ljósunum, háu kertastjökunum og auðvitað jólatrénu sem var á sinum stað. Við gripum öll andann á lofti þegar hún opnaði þar inn. Þetta var svo flott,“ segir Helga Rós. „Á morgunstundum í Hlaðgerðarkoti er hlustað á tónlist og í aðdraganda jóla var laumað inn einu og einu jólalagi sem skapaði ljúfa stemningu. Ekki skemmdi fyrir að þennan veturinn var óhemju mikill snjór í Mosfellsdalnum og það jók bara jólstemninguna.

Á aðfangadag fór ég svo heim til fjölskyldu minnar. Það var svo dásamlegt að fá að verja með þeim aðfangadagskvöldi, borða með þeim jólamatinn og sjá börnin mín þrjú, glöð og spennat að taka upp þakkana sína. Þegar ég kom aftur upp í Hlaðgerðarkot þetta kvöld var heldur betur ljúft að sofna í hlýju rúmi, þreytt en með sátt og gleði í hjarta, og þakklát fyrir stefnuna sem líf mitt var að taka.“

Jólafríður yfir boltanum

Sigurður Smári Fossdal, dagskrárstjóri og ráðgjafi í Hlaðgerðarkoti, veit fátt skemmtilegra en að vera með fjölskyldu sinni. Hann er mikið jólabarn og lætur kirkjuklukkurnar á Rás 1 hringja inn jólin heima hjá sér.

„Fjölskyldan er alltaf í fyrsta sæti og vil ég frekar en allt annað verja tíma með konu minni og börnum. Þegar kemur að áhugamálum hef ég mikinn áhuga á tónlist. Ég safna vinylplötum. Ég hef einnig brennandi áhuga á fótbolta og horfi mikið á enska boltann. Einnig hef ég áhuga á blómum og plöntum,“ segir Sigurður.


En hvenær eru jólin komin í huga þínum?

„Jólin eru komin þegar klukkan slær sex og ég heyri kirkjuklukkurnar á Rás 1 byrja að hringja inn jólin. Börnin mín spila að sjálfsgöðu stærstan þátt í jólahaldinu hjá mér og til að jólin séu komin er mikilvægt að konan mín og börnin tvo séu hjá mér. Matur spilar stóran þátt í því að jólin komi og lyktin úr eldhúsinu er mikilvæg til að finna sannan jólaflíng.“

Hvar finnur þú sannan jólafríð?

„Sannur jólafríður breytist með árunum. Í dag er þetta svo mikið bundið við fjölskylduna. Það er eitthvað við að vera í frii, á náttfötunum með kaffibolla. Umkringdur fólkinu sem ég elska mest, konunni minni og börnunum. Strákurinn minn að leika sér í nýja dötinu sínu og eitthvað gott í sjónvarpinu, enski boltinn helst. Þar finn ég sannan jólafríð,“ segir hann að lokum.





Ísland er **AÐI**. Fossar, fjöll og úfið
Hraun. Kyrrð og fríðsæld sem þú finnur
minna af í **Californíu**, enda eins og að bera
saman epli og **RÚSÍNUR**. Pabbi og
mamma njóta þess að fá sér **KAFFI**, meðan
ungur **Prins** og lítil prinsessa hlaupa um
skríkjandi með **BangSa** og **Snuddu**
og **BUFF** á höfði og njóta frelsisins.
Kannski flækjast **REIMAR** og nokkrar
KÚLUR koma á hausinn
- en þetta er lífið.



Verði ykkur að Góu!



„Tartalettur eru algjör snilld“



Valgerður Gréta Guðmundsdóttir Gröndal er bókmennta- og forðunarfræðingur með ástríðufullan áhuga á matargerð og bakstri. Hún hefur gaman af að prófa sig áfram og gera tilraunir og til þess að halda utan um árangurinn af þeim setti hún árið 2011 upp bloggsíðuna Eldhúsið hennar Völlu þar sem enn birtast sætar, hollar, gómsætar og spennandi uppskriftir. Hún segist meira fyrir hollan og einfaldan mat og sæta bita en skrautlega og flókna rétti.

Það er líklega ástæðan fyrir langlífi bloggsíðunnar, því allir eru að leita að uppskriftum að góðum hversdagsmat sem ekki tekur of mikinn tíma, í það minnsta svona hversdags. Valgerður Gréta á ekki langt að sækja mataráhugann en hún vinnur einnig reglulega með móður sinni Berglindi Guðmundsdóttur í Gulur, rauður, grænn og salt. Nú eru jólin hins vegar tekin að nálga

alliskyggilega. Ertu meðvituð um matarsóun um jólin og reynir þú að hamla gegn henni á þínu heimili?

„Já, ég er mjög meðvituð um matarsóun og meðvitundin eykst bara með hverju árinu. Mér finnst alveg grátlegt hversu miklum mat er hent. Matvæli hafa hækkað mikið í verði, auk þess sem umhverfisvitundin leyfir það bara ekki. Hlutfall tekna sem eytt er í mat fer alltaf hækkanði og ég reyni hvað ég get til að sporna við því,“ segir hún.

Hægt að frysta eldað kjöt

Hvaða ráð notar þú helst í viðleitni þinni til að nýta allan mat?

„Ég mæli með því að nýta sér tilboð matvöruverslana sem fara að detta inn þegar nær dregur jólum. Flestar matvöruverslanir eru líka farnar að selja vörur sem komnar eru á síðasta sólundag með góðum afslætti. Ég nýti slík tilboð oft og set beint í frysti. Stór kjötstykki er lítið mál að frysta, sem og sjávarafurðir eins og rækjur eða humar. Oft er rjómi sem kominn er nálægt síðasta sóluðegi settur á helmingsafslátt og hann er tilvalið að frysta, annaðhvort beint í fernunni eða gera jólaísinn bara með góðum fyrirvara,“ segir Valgerður Gréta.

„Ég geri matseðla og bregð ekki út af þeirri venju þegar kemur að jólum. Ég skipulegg máltíðir fram í tímann, geri innkaupalista í appi í símanum eftir því hvað ég á til og versla eftir honum. Ef ég geri það ekki fer yfirleitt eitthvað í körfuna sem var ekki planað. Maðurinn minn er enn betri en ég í að fylgja innkaupalistanum nákvæmlega og því er oft besta ráðið að senda hann einan í búðina. Ég frysti síðan alla afganga sem nýtast ekki strax daginn eftir og ég baka mest sjálf og set einnig í frysti.

Besta ráðið sem ég get gefið er að setjast niður og skrifa niður hvað skiptir ykkur mestu máli hvað varðar jólamatinn, hvað verður að vera og hverju er hægt að sleppa. Er alveg bráðnaðsynlegt að baka tólf sortir eða nægir alveg að gera lagtertu og spesiur? Það er mikil sóun að henda mörgum baukum af smákökum á páskum. Það er lítil sparnaður í að gera heimagera konfekt og enn minni ef hráefnið er keypt og ekki notað. Oft er bara þægilegra og ódýrara þegar upp er staðið að kaupa litinn konfektakassa til að njóta.

Það er hægt að nota afganga af hamborgarhrygg eða bayonne-skinku í samlokur, tartalettur og heita ofnrétti til að mynda. Það á einnig við um lambakjöt eða kalkún. Það er auðvitað klassískt að skera hangikjöt í bita og nýta í tartalettur en það er einnig hægt að sneiða það ofan á brauð eða flatkukur. Það er einnig hægt að frysta eldað kjöt og nota síðar.“

Skipuleggja út frá körfunni

Nú gefa mörg fyrirtæki matarkörfur í jólagjöf og þar eru oft viðkvæm matvæli. Hvað getur fólk gert til að tryggja að ekkert úr körfunni lendi í ruslinu?

„Ef fólk veit fyrir fram að það fái matarkörfu að gjöf er gott að plana jólamatinn út frá því hvað er í körfunni. Ef það er eitthvað í henni sem fólki hugnast ekki má gefa það fjölskyldu eða vinum. Einnig er gott að nýta frískápana sem hafa poppað upp víða í höfuðborginni. Þeir eru afbragðsvettvangur til að koma góðum mat til þeirra sem geta nýtt afgangsmatvæli.

Ef þið sjáið ekki fyrir ykkur að nýta t.d. allt kjötmeti sem er í körfunni strax er einnig hægt að frysta það, og betra að gera það fljótlega eftir að karfan er móttækin. Osta sem ekki eru borðaðir má nýta í sósur eða heita rétti. Kex má nota í rasp, og sultur eru afbragð í bakstur eða til að bragðbæta sósur.“

Ekki naglfastar hefðir á jólum

Jólin eru hátíð fjölskyldunnar en einnig sá tími sem dregur fram íhaldssömustu hliðar margra. Allt verður að vera eins frá ári til árs og tilteknar matartegundir á borðum. Hver er jólamaturinn hjá þér?

„Við maðurinn minn erum ekki með naglfastar hefðir þegar kemur að jólamat, með einni undantekningu þó. Foreldrar mínir hafa verið með okkur fjölskyldunni á aðfangadagskvöld í mörg ár og kemur móðir mín alltaf með forréttinn, sem er afbragðsgóðar tartalettur með rækju- og aspafyllingu. Tartalettur eru algjör snilld í rauninni, þar sem það er hægt að fylla þær með öllu mögulegu og það er bara hugmyndaflugnið sem gildir þar. Við höfum undanfarin ár verið með andabringur, en þær eru hagkvæmar og geymast vel. Oft eru þær á tilboði þegar nær dregur jólum og þá kippi ég með mér því magni sem þarf. Eftirrétturinn er yfirleitt borðaður frekar seint á aðfangadagskvöldi, yfirleitt þá heimagerður ís eða ris á la mande.“

Matargerð um jólin er oft flóknari en venjulega og margt í gangi í einu. Það getur því verið erfitt að skipuleggja sig. Hvernig undirbýrð þú jólamáltíðirnar?

„Ég skrifa niður þær máltíðir sem við eldum heima og hvenær jólaböð eru. Dagana sem við erum í jólaböðum skipulegg ég í raun ekkert annað en snarl. Þá eru til afgangar ef heimilisfólkið getur hugsað sér að borða meira en það sem boðið var upp á í boðinu.“

Jól eru í flestra huga tími sem snýst um hefðir. Hægt er annaðhvort að brjóta sig frá þeim og búa til sínar eigin eða halda fast í þær sem við höfum haldið í heiðri í áraraðir. Hvort heldur verður ofan á er mikilvægt að gefa sér tíma til að endurskoða þær og veða hvað það er sem raunverulega skiptir máli. Halda inni þeim hefðum sem standa hjarta okkar næst en sleppa þeim sem þjóna okkur ekki. Með því getur náðst hvoru tveggja tímasparnaður og fjárhagslegur ávinningur,“ segir Valgerður Gréta að lokum.



Uppskriftir:

„Uppskriftirnar sem ég gef ykkur eiga það sameiginlegt að vera bæði einfaldar og innihalda hráefni sem kosta ekki mikið. Þær eru einnig þannig að hægt er að gefa frá sér hluta af afrakstrinum og gefa í gjafir til dæmis,“ segir Valgerður Gréta.

Hátíðlegt norskt jólabrauð

„Þetta brauð kannast margir við sem hafa verið í Noregi í desember. Sætt gerbrauð með ilmandi kardimommum og rúsínum. Það er langbest þegar það er nýbakað og smurt með smjöri en margir Norðmenn njóta þess líka með „brunost“. Þetta er mjög einfalt brauð í gerð en tekur auðvitað smá tíma, þar sem það þarf sinn tíma til að hefast. Það er fullkomið að bjóða upp á það í hádeginu um helgi, adventudögurð eða jafnvel á kaffihlaðborð.“

Innihald:

125 g smjör
5 dl nýmjólk
900 g hveiti + auka til að hnoða
2 tsk. malaðar kardimommur
½ tsk. salt
125 g sykurl
150 g rúsínur

Leiðbeiningar:

- Bræðið smjör í potti og bætið mjólk saman við. Þegar blandan er fingurvog setjið þið þurrgerið saman við og biðið í fimm mínútur eða þar til það er farið að freyða.
- Setjið hveiti, sykurl, salt og kardimommur saman í hrærivélarskál og setjið krókinn á. Blandið þurrrefnum saman lítillga.
- Setjið mjólkurbönduna rólega saman við þurrrefnin og hnoðið á lágum hraða. Setjið rúsínurnar saman við og haldið áfram að hnoða þar til deigið er samfelt. Takið krókinn af, mótið deigið lítillga í kúlu og setjið plastfilmu yfir. Látið hefast í 40 mínútur.
- Smyrjið tvo miðlungsstór jólakökuform, skiptið deiginu í tvennt, mótið í hleif og setjið í formin. Setjið rakt viskastykki yfir brauðin og látið hefast aftur í 40 mínútur. Mér finnst oft gott að taka seinni hefun í ofninum og stilla hann á 50 °C og úða hann að innan með vatni til að mynda gufu.
- Takið brauðin út eftir hefun og hitið ofninn í 200 °C og penslið brauðin með samanslegnu egg. Bakið í 25–30 mínútur.

Lagtertan hennar ömmu – gamalt fjölskylduleyndarmál

„Þessi uppskrift hefur verið í fjölskyldu mannsins míns í tugi ára. Að mínu mati er hún sú allra, allra besta og ef ég ætti að velja bara eina uppskrift til að baka fyrir jólin væri það þessi. Hún er hrærð og í grunninn sú sama fyrir ljósa tertu og brúna.

Ég geri alltaf nóg svo að ég geti gefið með mér til fjölskyldumeðlima því fyrir mörg okkar koma ekki eiginleg jól án þessarar tertu,“ segir Valgerður Gréta.

250 g smjörliki (eða smjör) mjúkt
325 g sykur
500 g hveiti, ég nota rautt Kornax
2 stór egg við stofuhita
1 tsk. matarsódi
2 tsk. vanilludropar
3 dl nýmjólk
1 krukka jarðarberjasulta á milli
Brún terta – bæta þarf við:
3 msk. kakó
2 tsk. negull
1 tsk. kanill

Smjörkrem:

500 g flórsykur
75 g smjörliki mjúkt
75 g smjör mjúkt (eða 150 g smjör)
1 egg
2 tsk. vanilludropar

Þeytið smjör/smjörliki mjög vel – bætið flórsykri, eggi og vanillu saman við og þeytið í 10 mínútur eða þar til kremið verður mjög létt í sér og nánast hvítt.

LEIÐBEININGAR

- Hitið ofninn í 180 °C blástur.
- Þeytið saman smjör og sykur þar til það er létt og ljóst.
- Bætið einu eggi saman við og þeytið áfram. Bætið síðara egginu við og haldið áfram að þeyta þar til blandan verður mjög létt í sér og ljós á litinn.
- Blandið saman hveiti og matarsóða (og kryddum ef þið gerið brúna) og setjið helming af blöndunni út í og helming af mjólkinni. Setjið vélina af stað og hrærið þar til deigið fer að loða saman. Setjið þá restina af hveitinu og afganginn af mjólkinni og vanilludropunum og þeytið þar til deigið verður samfelt. Passið að hræra deigið ekki of mikið, annars lyftast botnarnir lítið og verða seigir.
- Setjið bókunarpappír á tvær plötur og smyrjið deiginu jafnt í ferhyrning á plöturnar. Ég jafnvel vigta deigið og skipti jafnt á milli.
- Bakið báðar plöturnar í einu í ca. 17–18 mínútur.
- Takið plöturnar út og látið alveg kólna. Gerið kremið á meðan eða hafið sultuna til taks ef þið eruð að gera ljósa.
- Skerið hvora köku í tvennt á stuttu hliðinni. Þá eru komnir fjórir jafn stórir botnar. Smyrjið einn með kremi og leggið botn ofan á. Endurtakið þar til botnarnir eru komnir saman og þrjú lög af kremi. Snyrtið hliðarnar með því að skera af þeim. Ég sker svo kökuna í þrennt og pakka inn hverjum hluta í plastfilmu.

Fleiri ráð til að nýta afganga

Ostar eru góðir í fyllingar. Ef kalkúnn er hátíðamatúr á þínu heimili getur verið mjög gott að sneiða niður ost og bæta honum í uppáhaldsfyllinguna. Að setja fyllingu í lambakjöt er líka skemmtileg tilbreyting og ostar og ávextir eiga sérlega vel við það. Hefðbundin leið til að nýta jólaafganga er að búa til jafning, bæta í hann niðurskornu kjöti og grænmeti og fylla með tartalettur. Í stað þess má nýta osta, bræða þá saman við rjóma og bæta síðan við afgangum.

Ef þeyta á rjóma sem hefur verið frystur er best að þíða hann að hluta eða þar til meðalstór frosinn klumpur er eftir í miðjunni og þeyta svo.

Kjötafganga er hægt að nota í álegg en einnig skera það niður í litla bita og frysta í hæfilegum skömmtum í frystinum. Þá er hægt að grípa einn poka þegar komið er heim eftir annasaman dag, sjóða pasta, hrísgrjón eða kartöflur og hita kjötið á pönnu í pastasósu, brúnni sósu eða með góðri grænmetisblöndu.

Kartöflur eru mjög góðar steiktar og í margvíslegum kartöflusalötum, bæði heitum og köldum. Það á aldrei að henda soðnum kartöflum. Auk þess að nota þær sem meðlæti má merja þær og setja saman við hakk og búa til bollur eða kjötbúðing.

Ferskt grænmeti geymist ágætlega í ísskáp í nokkra daga. Það er fínt sem millilag í samlokur eða borðað með mat.

Soðið grænmeti er hægt að steikja á pönnu, nota í pottrétti eða merja það saman við kjöthakk. Sumir nota einnig gjarnan gulrætur, rauðrófur, grasker og kúrbít í kökur.

Á heimasíðu Leiðbeiningarstöðvar heimilanna er að finna margar spennandi uppskriftir úr afgangum.

Slóðin er: <https://www.leidbeiningastod.is/uppskriftasafn/category/matreitt-ur-afgoengum>



Íspan Glerborg býður fjölbreytt úrval af gleri s.s. einangrunargleri, speglum, lökkuðu gleri og hertu gleri, t.d. í handrið, vegg, sturtur og borðplötur. Hafðu samband við sérfræðinga okkar og við finnum bestu lausnina fyrir þig.

Íspan
GLERBORG

SMÍÐJUVEGI 7 200 KÓPAVOGUR SÍMI 54 54 300 ISPAN.IS

Kærleikurinn í verki

Hægt er að fullyrða að Samhjálp er meðal stórtækustu gefenda landsins um jólin. Árlega er pakkað og farið með um það bil þrjú hundruð gjafir frá samtökunum til fanga og þeirra er minna mega sin. Upphaf þessarar venju má rekja til Guðmundu Guðrúnar Sigurðardóttur, en líf hennar einkenndist af fáheyrðum kærleika og umhyggju fyrir öðrum.

Það var á sjöunda áratug síðustu aldar að Guðmundu Guðrún hóf að heimsækja fanga í Hegningarhúsinu við Skólavörðustíg. Í viðtali við Samhjálpblaðið árið 2019 segir Anna dóttir hennar frá því hvernig það kom til. Móðir hennar byrjaði á að færa fongunum trúarrit og naut mikillar velvildar fangavardanna. Hún bað með þeim sem það vildu og kom síðan ævinlega á aðfangadag með pakka handa hverjum og einum. Gjafirnar voru hagnýtar og miðuðust oft við árstíma. Ef Guðmundu Guðrún vissi að monnum yrði sleppt meðan enn væri vetrarríki í borginni færði hún þeim trefla, vettlinga, húfur og annan hlífðarfatnað. Í hvern pakka lét hún einnig Biblíuvers. Það var sama hvernig á stóð á hennar eigin heimili; alltaf voru til peningar fyrir gjofum handa fongunum.



Guðmundu Guðrún á sínum efri árum.



Guðmundu Guðrún og Ólafur.

„Við fengum líka það hlutverk að hlaupa niður á Laugaveg í ýmsar verslanir til að kaupa þessar gjafir, svo sem vasaklúta hjá Guðsteini, greiður, sokka og fleira,“ rifjar Anna Ólafsdóttir upp í samtali við Samhjálpblaðið 2019.

Tók af henni svuntuna og sendi í fangelsið

Ólafur Þorsteinsson, eiginmaður Guðmundu Guðrúnar, studdi konu sína heils hugar í mannúðarstarfi hennar og Anna minnst þess hvernig hann sýndi það í verki.

„Flesta daga bar mamma hvíta svuntu við eldhússtörfin, enda var hún heimavinnandi. Eðli málsins samkvæmt fylgdi því nokkurt umstang að undirbúa jólin heima við, en mér er sérstaklega minnisstætt þegar hann tók rólegur af henni svuntuna og sagði við hana að hann og við dæturnar myndum redda því sem þyrfti að gera heima við á aðfangadag. Mamma kom síðan heim um fjögurleytið og hún og pabbi kláruðu þá að undirbúa það sem eftir var að gera fyrir aðfangadagskvöld. Stofan var alltaf lokuð á aðfangadag og bara opnuð rétt fyrir klukkan sex um kvöldið, þegar við settumst niður og snæddum jólamatinn,“ segir Anna í sama viðtali við Samhjálpblaðið.

Guðmundu Guðrún lét sér ekki nægja að heimsækja fangana fyrir jólin. Hún var oft kölluð til þegar einhverjum leið illa og fangaverðir voru í vandræðum með viðkomandi af þeim sökum.

„Stundum þegar fangar áttu mjög erfitt

og höguðu sér illa hringdu fangaverðirnir heim og báðu hana

um að koma. Hún svaraði alltaf kallinu og þeir sendu bíl eftir henni. Hún fór og bað með fongunum og tókst að koma þeim í ró.“ (Samhjálpblaðið 3. tbl. 2019)

Guðmundu Guðrún bjó á Njálsgötu í Reykjavík, var gift Ólafi Þorsteinssyni og átti átta börn. Hún fæddist í Vestmannaeyjum 30. mars árið 1916, var dóttir hjónanna Halldóru Hjörleifsdóttur og Sigurðar Hróbjartssonar. Þegar faðir hennar lést flutti hún fjórtán ára gömul til Reykjavíkur í fóstur til Margrétar systur sinnar. Tuttugu og eins árs kynntist hún Ólafi og þau gengu í hjónaband árið 1938. Börnin komu í tveimur hollum, fyrst þrjár stúlkur og einn drengur og síðan fjórar stúlkur. Elsta dóttirin, Svanlaug María, er fædd árið 1938, Sigurður Halldór ári síðar, Ingibjörg árið 1941 og Kristín Dagbjört árið 1945. Ester kom svo í heiminn árið 1951, Anna 1953, Unnur 1956 og Hanna 1959. Guðmundu Guðrún tók trú árið 1951 og starfaði með KFUM og í Hvítasunnukirkjunni. Þrátt fyrir annasamt heimili og lítil efni náðu þau hjónin alla tíð að finna leið til að kaupa gjafir handa öllum fongum er sátu inni um jólin.

Verkefnið óx og óx

Á seinni árum var þetta vináttubragð hins vegar orðið svo stórt í sniðum að Guðmundu Guðrún réði ekki við það ein. Hún greiddi ævinlega sjálf fyrir gjafirnar en þegar hópurinn stækkaði var hún farin að færa fongum í Síðumúlafangelsinu

og á Litla-Hrauni gjafir. Fóru þá ýmis fyrirtæki að leggja henni lið og vinkonur hennar í Hvítasunnusöfnuðinum komu saman í sal kirkjunnar til að pakka þeim inn og gera þannig úr garði að þær gleddu viðtakandann. Í Biblíunni segir að sælla sé að gefa en þiggja og þau orð eiga sannarlega við um Guðmundu Guðrúnu. Hugarfar hennar hlýtur að hafa verið einstakt og margir fangar rifjuðu upp síðar hversu verðmætar gjafir hennar hefðu verið þeim. Að vita að einhver hafi hugsað til þeirra og verið tilbúinn að leggja á sig fyrirhöfn til að gleðja þá hafi breytt miklu um líðan þeirra og hugarástand. Það kemur vel fram í minningargreinum um Guðmundu Guðrúnu í Morgunblaðinu að einstakur kærleikur einkenndi allt hennar fas og viðmót.

„Fljótlega varð mér það ljóst að allar áhyggjur voru óþarfar, hún tók mér opnum örmum, og hvað hún var yndisleg og hlýleg og kærleikurinn sem streymdi frá henni var slíkur að mér fannst eins og ég væri svo mikils virði, en þannig var hún við alla. Upp frá þessu urðum við perluvinir og hún kallaði mig ætíð son sinn og hún var mér sem önnur móðir.“ Þetta segir Vilhjálmur Hendriksson um tengdamóður sína, Guðmundu Guðrúnu, í minningargrein árið 1992.

Alltaf fólk í húsinu

Á Njálsgötunni var mjög gestkvæmt og Anna rifjar það upp í viðtalinu við Samhjalparblaðið að þegar hún kom heim úr skólanum var alltaf einhver í húsinu. Til móður hennar leitaði fólk til að fá fyrirbæn og andlega leiðsögn. Margir fangar áttu þar athvarf og fengu stuðning eftir að þeir voru látnir lausir.

„Þeir, líkt og aðrir sem heimsóttu hana, fengu kaffi, ristað brauð með marmelaði,

fyrirbæn og hughreystingu,“ segir Anna. „Hún var aldrei hrædd við þá, enda stóð í raun aldrei nein ógn af þeim. Pabbi spurði hana einu sinni hvort hún væri ekkert hrædd við það að fá suma af þessum mönnum heim, en hún svaraði því neitandi. „Jesús verndar okkur,“ var alltaf hennar svar.“

Í dag heldur Samhjalp minningu þessarar einstöku konu lifandi með því að halda áfram starfi hennar og leitast við að gleðja fanga og aðra í neyð um jölin.



Fjölskyldan samankomin árið 1964. Eldra hollíð af systkinum fyrir aftan og yngra hollíð, Anna og systur hennar, sitja hjá foreldrum sínum.

Samveran veitir mestu hamingjuna



Einhverjum kann að finnast það undarlegt, en hvergi verður jólaandinn jafnstærkur eða þakklætið fyrir góðan mat jafn ríkt og á Kaffistofu Samhjalpar. Þangað leita heimilislausir, fólk í neyð og þeir sem ekki eiga í önnur hús að venda. Rósý Sigþórsdóttir og öflugt teymi starfsfólks og sjálfboðaliða taka á móti þeim og gera sitt til að skapa gleðileg jól.

Rósý hefur verið verkefnisstýra Kaffistofunnar í tvö ár og segir starfið gefandi og mikilvægt. Á hverjum degi koma allt að þrjúhundruð og fimmtíu manns í mat hjá henni og er mætt með hlýju viðmóti. En hvernig eru jólin á Kaffistofunni?

„Jólin á Kaffistofunni eru öðruvísi en aðrir dagar ársins að því leyti að við dúkum upp borðin, erum með kertaljós og kósýheit og að sjálfsögðu eru jólaskrautið og tréð á sínum stað,“ segir hún. „Ólíkt öðrum dögum ársins erum við með fastan matseðil á jóladögunum. Við höfum ekki vanið okkur á að vera með skötu á Þorláksmessu en höfum góðan fiskidag þann daginn með alls konar útgáfum af fiski.“

Á aðfangadag bjóðum við upp á hinn klassíska hamborgarhrygg, brúnaðar kartöflur og meðlæti ásamt malti og appelsíni og fyrir þá sem ekki borða svínakjöt verður hátíðarlamb í boði. Á jóladag verður boðið upp á hangiket og meðlæti ásamt malti og appelsíni en einnig verður boðið upp á annan veislumat en það kemur í ljós þegar nær dregur jólum hvað við getum reitt fram þetta árið. Í fyrra vorum við með andalæri sem okkur bárust að gjöf fyrir hátíðarnar.

Á annan í jólum eru yfirleitt afgangar, ef einhverjir eru, og fiskur og/eda lambakjöt í matinn.

Okkur hafa stundum borist kalkúnabringur fyrir jól eða áramót og mér finnst gott að bera þær fram með t.d. hangiketinu á jóladag og hafa í aðalrétt á gamlársdag. Alla jóladagana eru konfektmolar á borðum sem og annað góðmeti sem til er. Í desert erum við með ís og sósur ásamt kokkteilberjum og fleira gúmmelaði. Á jóladag

munum við svo færa þeim skjólstæðingum sem til okkar leita jólagjafir, sem hefur ekki verið gert undanfarin ár en við viljum koma á þeirri hefð. Við á Kaffistofunni gerum jólin eins hátíðleg og við getum fyrir skjólstæðinga okkar og vonum að þessir dagar verði þeim aðeins léttbærari þegar þeir koma í hlýjuna til okkar.“

Til í stærra, hlýrra og betra húsnæði

Finnst þér eitthvað vanta eða er eitthvað sem þú myndir vilja gera öðruvísi á þessum árstíma fyrir gesti þína?

„Já, ég væri til í að vera í stærra, hlýrra og betra húsnæði til að geta boðið skjólstæðingum mínum upp á heimilislegri og notalegri aðstæður, en núverandi húsnæði er orðið allt of lítið fyrir starfsemi okkar, fyrir utan að vera ónýtt að mestu leyti. Gaman væri að geta haft litla setustofu þar sem fólk getur sest og notið tímans saman eftir að hafa borðað góðan jólamat og náð að hlýja sér áður en það fer aftur út í kuldann. Í hnotskurn væri dásamlegt að geta veitt því meiri hlýju.“

Hér vísar Rósý til þess að húsnæði Kaffistofunnar er gamalt og úr sér gengið. Salurinn er auk þess löngu sprunginn utan af starfsemi og stundum hafa þau þurft að hleypa fólki inn í hollum. Loftræsting er engin og oft mjög kalt innandyra þegar kalt er úti. Rósý og aðra starfsmenn Samhjalpar dreymir um að kaupa varanlegt húsnæði undir starfsemi og vonast til að sá draumur rætist á fimmtíu ára afmælisári Samhjalpar árið 2023. En Rósý á sér líf utan vinnunnar. Hvenær eru jólin komin að þínu mati?

„Á aðfangadag, þegar fjölskyldan er öll komin saman heima, barnabörnin að fara yfir um af spennings og ilmurinn af hamborgarhryggnum hefur læðst um alla íbúð,“ segir hún og augun glampa af gleði.

Áttu þér einhverja jólaminningu sem ævinlega yljur þér um hjartarætur? „Ég held að það sé engin ein minning sem stendur upp úr en fyrir jólin þegar börnin voru yngri tókum við svona dag þar

Afmælisár

Samhjálpur fram undan

Saga Samhjálpur spannar nú um hálfu öld, en formlegur stofndagur var 31. janúar 1973. Starfsfólk og velunnarar Samhjálpur hafa nú þegar hafið undirbúning afmælisársins og ýmislegt stendur til. Fyrst ber að nefna hátíðarsamkomu í Hvítasunnukirkjunni Fíladelfíu kl. 11 sunnudaginn 29. janúar. Við bjóðum lesendur Samhjálpurblaðsins sérstaklega velkomna! Einnig stendur til að safna fé fyrir nýtt húsnæði undir Kaffistofu Samhjálpur á árinu. Fylgist með okkur á samfélagsmiðlum Samhjálpur og á vefsíðunni samhjalp.is.

sem við græjuðum heimilið, skreyttum, bókunum og dúlluðumst með tónlistina í gangi og sungum og dönsuðum með. Þessar stundir voru dýrmætar og ylja mér um hjartarætur mest af öllu.“

Hvað er að þínu mati skemmtilegast við jólin? „Það er kannski klisjukennt svar en samveran með þeim sem manni þykir vænt um er langsamlega það besta við hátíðarnar. Hvort sem það er samveran með fjölskyldunni, vinum eða skjólstæðingunum mínum veitir það mér mestu hamingjuna og hlýjuna,“ segir Rósý að lokum og ekki er vert að tefja hana lengur því nóg er að gera við undirbúning jólnanna bæði á Kaffistofunni og heima.



512-3360 korkur.is

KÍSILDALUR
TÖLVUVERSLUN OG TÖLVUVERKSTÆÐI



Borðtölvur, smátölvur og vinnustöðvar.
Áratuga reynsla í tölvusamsetningum og sérsníðuðum tölvum.




Fartölvur frá Toshiba, Lenovo, HP og fleirum.



Netbúnaður fyrir heimili og fyrirtæki.



Varahlutir og íhlutir í allar gerðir af tölvum.



Ódýrar tölvuviðgerðir hjá tæknimönnum með áratuga reynslu.

Kísildalur ehf. - Síðumúli 15 - 105 Reykjavík
Sími: 517-1150 - www.kisildalur.is - kisildalur@kisildalur.is



Lyfti höndum og fann kærleikann streyma um sig

Þegar Daníel Rafn Guðmundsson gekk inn í fangelsið að Sogni til að afplána átján mánaða dóm var hann frjáls maður í fyrsta sinn í mörg ár. Það kann að hljóma undarlega en þannig var það engu að síður. Hann var ekki bara laus undan fíkn heldur hafði hann einnig frelsast til kristinnar trúar. Þrátt fyrir að vera í erfiðum aðstæðum fann Daníel frið og sátt innra með sér en nokkru áður en kom að fangavistinni upplifði hann kraftaverk.

Saga Daníels er um margt lík sögum margra annarra sem glíma fíkn en margt er þar líka sérstakt. Hann átti yndislega æsku og var alinn upp við öryggi og ástúð. En þegar hann tók fyrsta sopann af áfengi á unglingsárunum hófst atburðarás sem hann réði í raun ekkert við.

„Ég er fæddur og uppalinn af harðduglegu fólki,“ segir hann. „Þau voru að byggja hús í Seljahverfi í Breiðholti og við fluttum þangað þegar ég var ársgamall. Pabbi minn var bifvélavirki og ofboðslega góður og kærleiksríkur maður eins og mamma. Ég veit ekki af hverju ég missti tókin á lifinu. Á unglingsárum fór ég að fíkta við að drekka og einhvern veginn fór bara allt strax niður á við. Þegar ég fór á fyrsta fyllerið mitt bara opnuðust himnarnir. Öll höft fóru. Ég var alltaf rosalega feiminn en undir áhrifum gat ég verið opin og djarfur. Mér fannst áfengi þess vegna rosalega góð lausn á sínum tíma.“

Alltaf á fullu

Daníel fór fljótlega að selja landa en neyslan hélt áfram að þróast. Lengi tókst honum þó að halda því sem hann kallar fronti. Hann var í skóla, lauk námi, byggði upp starfsferil og fjölskyldu. Þegar hann drakk var hann hins vegar ófær um að gera nokkuð, fúnkeraði bara alls ekki eins hann segir sjálfur. En að lokinni meðferð ákvað hann að standa sig og sýna hvað hann gæti og hellti sér út í fyrirtækjarekstur, sem gekk mjög vel.

„Það var alltaf rosalega mikið að gera og maður var alltaf á fullu

að reyna að standa sig en forsendurnar voru svo rangar. Ég var með fókusinn á að græða fullt af peningum og kaupa hús en það var samt allt í molum því ég var ekki heiðarlegur í fyrsta lagi og svo var ég alltaf að næra spennufíknina.“

Daníel upplifði það að eftir hvert fall varð neyslan verri og flækjustigið í lífi hans jókst. Hann tók margar slæmar ákvarðanir í neyslunni og var farinn að nota alls konar efni líka. Hann fór oft í meðferð, átti edrúttímabil og eftir eina slíka fór hann í AA-samtökin og tók tólf spörin.

„Ég var kominn á bóllakaf í undirheima Reykjavíkur og það er rosalega erfitt að komast þaðan út þegar maður er einu sinni sokkinn,“ segir hann. „Ég beitti ofbeldi og var beittur ofbeldi. Ég er hins vegar orðinn þreyttur á að vera alltaf að tala um þessa fortíð. Ég hef oft flutt vitnisburðinn minn og kom meðal annars fram í sjónvarpsviðtali en nú langar mig að tala meira um lausnina, um kraftaverkið sem ég upplifði.“

Reyndi að svipta sig lífi

Þá liggur beinast við að spyrja, hvert var kraftaverkið?

„Ég missti góðan vin minn árið 2013 og pabbi greindist með krabbamein sama ár. Hann dó svo árið 2014. Nokkur önnur áföll komu upp í kjölfarið, meðal annars Ystaselsmálið, sem mikið hefur verið fjallað um í fjölmiðlum. Þetta var mjög erfitt tímabil og ég var orðinn óvinnufær og hættur að geta haldið þessum fronti út af öllu þessu rugli. Ég er samt þakklátur fyrir að ég náði að vera edrú meðan pabbi var sem veikastur og kláraði dæmið

með honum. Ég kom á morgnana og hjálpaði honum fram úr og á klósettið og sinnti honum. Hann var með krabbamein í ristli og lifur. Það voru einhverjar sprungur í edrúmennskunni en á meðan hann lá banaleguna náði ég að vera með honum. Ég hef alltaf verið trúður og ég veit að pabbi var trúður og gagnvart andláti hans hef ég alltaf fundið fyrir sátt. Hann var svo kvalinn að ég var hættur að þekkja andlitssvipinn hans en þegar hann dó færðist friður yfir andlitið og ég veit að hann er kominn á góðan stað. Mig er búið að dreyma hann eftir að hann dó. En eftir að hann dó datt ég í það aftur og við tók ár í mjög miklu rugli og algjör geðveiki í gangi.

Það endaði með því að ég reyndi að svipta mig lífi í einhverju geðrofi. Ég var einn heima, búinn með allt og gat ekki horfst í augu við neinn. Ég vildi ekki deyja, svo að þetta hefur kannski verið ákall á hjálp. Ég var rosalega heppinn. Eymdin og órvæntingin var orðin það mikil að ég reyndi þetta. Mér leið alveg svakalega illa en eftir þetta fór ég í meðferð inn á Vog, 27. maí 2015. Þaðan fór ég upp á Staðarfell og það er svo skrýtið að þrátt fyrir allt sem á undan var gengið var ég samt ekki viss um að ég vildi fara, því þetta var mánuður. En ég fór samt, því það voru sumarfrí og mér var sagt að við yrðum í hálfan mánuð en fengjum útskrift eins og um mánuð væri að ræða. Mér fannst það fínt að fá fimmtíu prósentu afslátt. Það var alltaf hugsunin að redda öllu í hveli. Það er fyndið til þess að hugsa að vera ekki tilbúinn að leggja allt í þetta með hliðsjón af því sem búið var að ganga á.“

Var í raun aldrei edrú

Þótt Daniel noti orðið fyndið sér hann ekkert sniðugt eða skemmtilegt við þann hugsanagang sem réði lífi hans á þessum tíma. Orðið notar hann í kaldhæðnislegri merkingu en lýsingar hans á lífi sínu og viðbrögðum við atvikum á neysluárum bera þess



augljós merki að hann er með ADHD. Nýjar rannsóknir sýna tengsl milli þeirrar taugabroskaröskunar og þess að leita í fíkniefni. Sú lausn sem Daniel segist hafa upplifað þegar hann drakk í fyrsta sinn er sambærileg við reynslu mjög margra með ADHD. Í stað þess að virka órvandi kyrrir áfengið huga hins ofvirka og hann upplifir meiri stjórn, virkari einbeitingu og skýrari sýn á lífið. Það ástand varir hins vegar stutt og stjórnleysið tekur yfir.



En þú varst kominn í afsláttarmeðferð á Staðarfell og hvað þá?

„Ég var í raun aldrei edrú, vegna þess að ég tók kvíðalyf, svefnlyf og þunglyndislyf og mér leið aldrei vel. Það fannst mér allt í lagi því nafnið mitt var á glasinu. Ég notaði stera líka alveg á fullu og ég ætlaði aldrei að hætta því. Að sjálfsögðu var ég með lyfin mín með mér á Staðarfelli þótt þau á Vogu hefðu sagt að ég mætti ekki nota þau. Óheiðarleikinn var enn mjög mikill. Einn strákur sem var með mér í meðferðinni var með kókaín með sér og síðasta skipti sem ég notaði það var í meðferð á Staðarfelli í júní 2015. Það varð vendipunktur þá. Yfir mig helltist örvænting. Ég var þarna í meðferð uppi í sveit eftir allt sem á undan var gengið, allur í umbúðum eftir áverka sem ég veitti mér sjálfur en samt var ég búinn að fá mér. Ég held að ég hafi aldrei áttað mig á því fyrr hversu veikur ég var orðinn af alkóhólisma. Þarna rann það upp fyrir mér og ég sá að ég átti ekki möguleika í þetta sjálfur.

Það er lítil kirkja þarna og ég fór inn í hana, fór á hnén og sagði við Guð: „Ég er búinn að klúðra þessu öllu. Ef þú getur hjálpað mér máttu eiga líf mitt.“ Og ég fann strax og ég gerði þetta að ég fékk gæsaþúð um allan kroppinn. Ég dró mannakorn og fékk eftirfarandi ritningargrein: „Hef ég ekki boðið þér að vera djarfur og hughraustur? Öttastu ekki og láttu ekki hugfallast því að Drottinn,



Guð þinn, er með þér hvert sem þú ferð.“ (Jósúabók 1:9) Aftur fékk ég gæsaþúð um allt og fæ somu viðbrögð enn þegar ég segi frá þessu. Þetta var svo sterk upplifun. Þarna varð ég fyrir sterkri andlegri vakningu.“

Allt breyttist við bænina

Það er þetta sem Daníel á við þegar hann talar um kraftaverkið í lífi sínu en því var ekki lokið þótt það væri hafið.

Fyrirtækið **Bor ehf** starfar við steypusögun og kjarnaborun og hefur verið starfrækt síðan 1998 á sömu kennitölunni og er þar af leiðandi komið með viðamikla reynslu á þessu sviði.

Óskar þú frekari upplýsinga eða tilboðs er ég ávallt til þjónustu reiðubúinn

Sími: 895 9490

Guðjón Þór, borehf@borehf.is





„Við þessa einlægu bæn byrjaði allt að breytast. Í allri orvæntingunni fór ég að finna sterka von um að allt yrði eins og sagt var í versinu og ég hélt í það dauðahaldi. Á svipuðum tíma frétti ég að kærasta mín, sem var flúin frá mér, væri ófrísk og í barnsvoninni skynjaði ég sterkt að Guð ætlaði og vildi gefa mér annað tækifæri, hann væri ekki að blessa mig með öðru barni ef svo væri ekki.

Ég hætti að taka flest lyfin strax þá. Henti þeim bara. Læknar á Vogu höfðu skrifað upp á lyf fyrir mig sem ég var ekki búinn að sækja og þegar ég ætlaði að fara og ná í þau var eins og talað til mín að ég ætti ekki að gera það. Guð sagði: „Treystu mér“. Ég leit hins vegar aldrei á stera sem eitthvað óheilbrigt. Fyrir mér voru þeir leið til að koma mér í lag, fara að taka þá og fara í ræktina og það var ekki inni í myndinni að hætta því, sem er auðvitað fáránlegt því það

er neysla. Sterar eru jafn hugarfarsbreytandi og eiturlyf í mínum huga. En fljótlega hætti ég líka að nota þá og það var sama, ég fékk þessa tilfinningu að það væri eitthvað sem ég ætti að gera.

Ég kláraði þessa tveggja vikna meðferð. En þetta var ekki auðvelt. Ég var farinn að biðja og kíkja í Bibliúna líka en þetta var erfitt. Ég fór í AA-samtökin og fékk sponsor og þurfti að fara á tvo, jafnvel þrjá, fundi á dag því ég þurfti ofboðslega mikið á öllum stuðningi að halda. Enn var togað í mig úr báðum áttum. Auðvelda leiðin var flótti og að detta í það aftur en ég var kominn með eitthvað sem ég hafði aldrei fundið áður. Þegar ég fór í meðferðina hugsaði ég; það er gott að fara í tveggja vikna meðferð núna og fá útskrift eins og um heila meðferð væri að ræða, því þá get ég farið í vikingameðferð næst. Fannst þetta flott því þá fengi ég stuðninginn sem ég þyrfti á að halda. Ég hafði nefnilega aldrei trú á að ég gæti orðið edrú. Ég var algjörlega blindur á lyfin sem ég var að taka og algjörlega blindur á sterana sem ég notaði. Þetta var rosaleg barátta en samt var komin einhver fullvissa um að ég gæti orðið edrú og hún kom í gegnum trúna. Og hvers vegna fékk ég strax þennan styrk til að hætta á öllum lyfjunum sem ég var að taka og hætti líka við að sækja það sem skrifað var upp á fyrir mig á Vogu? Vegna þess að ég heyrði þessa sterku rödd: „Treystu mér.““

Parna kláraðist kraftaverkið

Dró síðan smátt og smátt úr togstreitunni?

„Ég fann að ég var kominn með von en fannst eitthvað vanta, fann að ég var ekki kominn alveg á þann stað sem ég þyrfti að vera á, enn var barátta innra með mér. Þá hafði samband við mig vinur minn sem var trúður og bauð mér á tónleika í Kefas-kirkjunni. Hljómsveitin Gig var að spila. Það var svo magnað. Þetta var samkoma og ég hafði aldrei farið á svoleiðis áður. Hann settist á fremsta bekk og ég bara elti. Fyrst fannst mér þetta rosalega skrýtið. Fólk að standa á fætur og lyfta höndum. Svo bara endaði þetta með því að ég prófaði þetta, stóð á fætur og lyfti höndum. Þá kláraðist kraftaverkið, ég sleppti algjörlega tókunum á gamla lífinu og fann kærleikann og kraftinn streyma um mig. Fann fyrirgefningu Guðs og allt sem henni fylgir. Eftir samkomuna spurði ég vin minn: „Vá, hvar kemst maður á fleiri svona samkomur?“ Ég gekk svo í Filadelfiukirkjuna og tók niðurdýfingarskírn tveimur eða þremur vikum seinna. Þar með var þetta komið ég var kominn inn í kirkjuna og búinn að finna það sem ég var að leita að, það sem hafði verið að banka á hjartað.“

En Daniel var með dóm á bakinu fyrir líkamsárás og varð að mæta til afplánunar.

„Ég fór í fangelsi frjáls maður,“ segir hann og hlær við. „Mér leið aldrei eins og ég væri í fangelsi því ég var ekki lengur haldinn þessum ótta og kvíða sem ég hafði alltaf verið með og deyft með lyfjum og áfengi. Ég var búinn að vera edrú í rúmt ár þegar ég fór í fangelsið, edrú frá öllu. Ég var algjörlega laus við öll lyf. Þetta var bara góður tími þarna inni. Ég notaði hann til uppbyggingar, las í Bibliúnni og fór að skokka á morgnana. Breytti um stíl í ræktinni, fór að lyfta öðruvísi en ég gerði og er í dag kominn í Crossfit.“

Hann bætir við að í raun hafi allt gengið upp hjá honum. Hvenær sem hann fann til óöryggis leitaði hann í Bibliúna og fann svar.

„Guð segir: „... minn frið gef ég yður. Ekki gef ég yður eins og heimurinn gefur.“ Maður er alltaf að leita eftir þessu fixi. Maður leitar í fólki og hlutum. Ég þurfti nýjan bíl, nýja íbúð eða þetta og þetta og ég hélt að þegar það væri komið yrði allt í lagi en það var talsýn. Fyrstu meðferðina fór ég í til að reyna að bjarga sambandinu við konuna mína. Ég fór líka til að læra á þetta. Hélt að ég gæti bara lært að drekka, en það er draumur allra alkóhólista að geta drukkið sér að skaðlausu. Þetta er svo mikil lausn þegar maður byrjar og svo verður það að meira og meira vandamáli. Maður er alltaf að leita aftur að þessari lausn sem virkaði svo vel fyrir mann í byrjun.

Þegar maður er búinn að vera lengi í undirheimum er ofsóknarkenndin orðin mjög mikil. Ég gat ekki borðað eða drukkið neitt nema ég ryfi sjálfur á því innsiglið. Þetta er algengt meðal manna í svipaðri stöðu, þeir eru með svona flugur í hausnum og



